

Sveitarfélagið Garður  
Páll Svavar Pálsson,  
byggingarfulltrúi  
Sunnubraut 4  
250 Garður



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 6. maí 2014  
Tilvísun: UST20140300274/ksj

## Drög að tillögu um aðalskipulag Sveitarfélagsins Garðs 2013 - 2030. Umsögn um tillögu að greinargerð

Vísað er til erindis bæjarstjóra Garðs er barst 25. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um drög að tillögu um aðalskipulag Sveitarfélagsins Garðs 2013 - 2030. Fram kemur í erindinu að helstu breytingar sem unnið hefur verið að snúa m.a. að afmörkun nýrra atvinnusvæða, afmörkun og skilmálagarð fyrir íbúðabyggð, tillaga að nýjum þjóðvegi og lagnaleið raflínu.

### Hverfisvernd


Umhverfisstofnun tekur undir hverfisvernd strandlengjunnar í sveitarfélaginu.


### Efnistöku- og efnislosunarsvæði


Umhverfisstofnun vekur athygli á því að þegar fjallað er um efnislosun til frágangs á eldri námum þá er það nýting úrgangs til landmótunar sem er starfsleyfisskyld starfsemi. Viðkomandi heilbrigðisnefnd er útgefandi starfsleyfis, setur starfsseminni skilyrði og hefur eftirlit með henni.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við ofangreinda greinargerð.

Virðingarfyllst

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur



  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun